



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. september 2005

Tilvísun: UST20050900021/tb

Efni: Skógrækt í landi Jarlsstaða, Aðaldælahreppi, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 2. september sl., þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar, í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, á því hvort og á hvaða forsendum skógrækt í landi Jarlsstaða skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Inngangur:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Við yfirferð gagnanna kemur í ljós að hluti af áætluðu skógræktarsvæði, sem í heild er um 25,46 ha, er innan 200 m línu frá bökkum Laxár og fellur því sá hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar undir lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004. Jafnframt kemur fram að aðalskipulag er ekki til fyrir svæðið. Í skýrslu kemur fram að engar náttúruminjar voru skráðar við kortlagningu svæðisins. Þetta er ekki rétt að mati Umhverfisstofnunar þar sem að allur sá hlut fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sem er innan 200 m línu frá Laxá telst til náttúruminja. Ekki kemur fram nákvæmlega í skýrslunni, þ.e. t.d. hvað varðar fjarlægðir, hvernig fyrirhugað er að planta umhverfis menningarminjar svo sem götu og vegghleðslu, en á korti má sjá að nokkru leyti afmörkun á skógrækt umhverfis Hraunbolla á Bollasteinshól.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að um helmingur plantna verði birki og reynir og helmingur innfluttar trjátegundir, rússalerki, stafafura, hvítgreni og lindifura. Ekki kemur fram hvort um er að ræða stofna birkis og reynis af því svæði sem er til umfjöllunar. Í skýrslunni kemur fram að svæðið er allt allvel gróið. Ekki kemur fram hver sé hinn eiginlegi tilgangur með fyrirhugaðri skógrækt.

Umfjöllun um erindið:

Í 1. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatn og Laxár koma fram þau megin atriði sem eru lögð til grundvallar við verndun vatnsins og árinna. Þ.e. að stuðla að náttúruvernd í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum og verndun líffræðilegrar fjölbreytni, verndun jarðmyndana og verndun landslags. Sérstaklega er tekið fram að náttúruvernd á svæðinu skuli vera virk einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Jafnframt var með breytingum á lögum um Mývatn og Laxá lögð áhersla á að vernda

vatnasvið vatnsins og árinna. Við tilkomu laga nr. 97/2004 var það svæði sem mest ástæða var talin til að vernda skilgreint sérstaklega sem verndarsvæði. Í greinargerð með frumvarpi þeirra laga kemur eftirfarandi fram: „Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúruferli svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxáarsvæðinu virðist ekki aðeins réttlæt看anleg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu.“ Í lögum er 200 m verndarlína sett allsstaðar umhverfis Mývatn (auk annarra svæða) og með Laxá. Gildissvið laganna er skilgreint í 2. gr. þeirra.

Í 3. gr. framangreindra laga segir: „Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndunir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Samkvæmt framangreindu er það meginregla laganna að óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004. En heimilar skulu framkvæmdir sem eru í samræmi við aðalskipulag sem Umhverfisstofnun hefur fallist á. Það er því ljóst af markmiðum laganna að meginreglan er sú að óheimilt er að raska lífríki, jarðmyndunum eða landslagi nema að búið sé að taka frá svæði til ákveðinna athafna eða reksturs í aðalskipulagi sem hlotið hefur staðfestingu sbr. hér að ofan. Hér er um sérlög að ræða fyrir þetta tiltekna svæði og telur Umhverfisstofnun að eftir þeim verði að vinna óháð, eftir því sem við á, lögum um mat á umhverfisáhrifum og í þessu tilfelli óháð því hvort stofnunin teldi skógrækt af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir geta valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum eða ekki, með tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þegar meta þarf svæði sem ekki njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun vill því benda á að þar sem að búið er að taka umrætt svæði að hluta til frá til að vernda lífríki þess gilda önnur viðmið fyrir það en svæði sem ekki njóta sérstakrar verndar.

Umhverfisstofnun telur að með því að planta trjám á umræddu svæði sé gripið inn í það „náttúrulega ferli eða náttúruferli“ sem lagt var til grundvallar verndun Mývatns og Laxár. Þegar svæðið var verndað fól það m.a. í sér að landbúnaður væri stundaður á svæðinu og að þar væri t.d. beit og annað sem tilheyrir hefðbundnum landbúnaði á Íslandi. Umhverfisstofnun telur hins vegar að skógrækt, þar sem stór hluti þeirra trjátegunda sem nota á eru framandi tegundir og þar sem plöntun trjáanna getur falið í sér bæði röskun á lífríki, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi, teljist ekki til hefðbundins landbúnaðar í skilningi laga um verndun Mývatns og Laxár. Rétt er að benda á að Íslendingar eru aðilar að samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni þar sem sérstök áhersla er lögð á verndun upprunalegra vistkerfa. Lög sem sett eru eftir að Íslendingar gerðust aðilar að samningnum og nota hugtakið verndun líffræðilegrar fjölbreytni hljóta því að taka mið af samningnum. Vissulega er einnig gert ráð fyrir í samningnum nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni en sú nýting skal vera í anda sjálfbærrar þróunar en ekki vera þessa eðlis að flytja inn nýjar tegundir og búa til ný vistkerfi á svæði sem nýtur sérstakrar verndar eða auka hættuna á að nýjar tegundir dreifist inn á það svæði.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni tekur einnig á endurheimt náttúrulegra

vistkerfa svo sem náttúrulegra birkiskóga. Ef það væri tilgangur þeirra skógræktar sem hér er fyrirhuguð að endurheimta náttúrulega birkiskóga ætti það að koma fram í framlögðu erindi. Í samantekt kemur fram að skógi hafi verið eytt úr landi Jarlsstaða og að skógrækt muni bæta veðurskilyrði, klæða landið aftur skógi og auka fjölbreytni fuglalífs. Umhverfisstofnun vill benda á að verið er að klæða landið með trjategundum sem ekki eru náttúrulegar fyrir Ísland og ekki fyrir þetta svæði. Endurheimt í anda samningsins um líffræðilega fjölbreytni fæli því t.d. í sér að endurheimta birkiskóga, t.d. stofna frá þessu svæði. Því markmiði væri vafalaust hægt að ná fram með beitarfriðun einni saman án þess að flytja inn birki annarsstaðar frá og að raska landi með plöntun. Hvað varðar verndun Mývatns og Laxár er það ekki markmið laganna að fjölga dýra- eða plöntutegundum á svæðinu eða breyta eðli vistkerfis svæðisins heldur viðhalda bæði þeim stofnum dýra og plantna sem nýta það sem og búsvæðum þeirra og reyna að tryggja eðlilega þróun/framvindu náttúrunnar eftir eigin lögmálum og að röskun af mannavöldum verði sem minnst. Af áralangri reynslu þekkist að innfluttar tegundir, bæði úr plöntu og dýraríki, hafa valdið verulegum skaða og/eða breytingum á vistgerðum. Það er varasamt að fullyrða eins og gert er í framlagðri skýrslu Norðurlandsskóga að áhrif á fuglalíf verði eingöngu af hinu góða. Hafa verður í huga að svæðið er búsvæði tiltekinnar tegunda, t.d. fuglategunda, sem verndunin nær til og að meta þarf allar fyrirhugaðar framkvæmdir á verndarsvæðinu í samræmi við þau lög sem um það gilda. Jafnframt ber að hafa í huga að umrætt svæði nýtur verndar sem alþjóðlega mikilvægt fuglaverndunarsvæði og votlendissvæði, Ramsarsvæði. Í því samhengi skipta búsvæði / vistgerðir á bökkum Laxár miklu máli.

Í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar er ekki reynt að skyggjast 50 til 70 ár fram í tímann og íhugað hvað afleiðingar það getur haft að fara í skógrækt á þessu svæði og heldur ekki ef að farið verður í frekari skógrækt undir merkjum Norðurlandsskóga með m.a. innfluttar trjategundir meðfram bökkum Laxár. Þó að skógrækt geti verið afturkræf getur það tekið langan tíma að endurheimta náttúruleg vistkerfi og verið mjög kostnaðarsamt. Til lengri tíma litið mun eiga sér stað sjálfáning skóga bæði inn á verndarsvæði og inn á landareignir annarra en þeirra sem stóðu upphaflega að skógræktinni.

Í svæðisskipulagi sem Norðurlandsskógar hafa lagt fram er stefna skipulagsins sú að ekki beri að ýta undir eða styrkja skógrækt innan friðlýstra svæða, svo ekki sé talað um svæði sem sérstaklega eru friðlýst vegna sérstöðu þeirra m.t.t. lífríkis. Einnig kemur fram í leiðbeiningum um skógrækt, Skógrækt í sátt við umhverfið, sem unnar voru í samvinnu fjölda hagsmunaaðila og umhverfisráðherra opnaði formlega á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, að almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á friðlýstum svæðum. Þessar leiðbeiningar eru einnig í samræmi við það sem kemur fram í „Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, þar sem segir á bls. 47. um skógrækt: „Áhersla er lögð á að skógarnir falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúruminum og þjóðminjum ekki raskað.“

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 97/2004 skal Umhverfisstofnun gera verndaráætlun fyrir landsvæði það sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar. Verndaráætlunina skal m.a. endurskoða á fimm ára fresti. Vinna við verndaráætlunina er hafin og mun í henni einnig verða fjallað um skógrækt og hugsanleg áhrif framandi tegunda á það lífríki og vistkerfi sem verndað er samkvæmt framangreindum lögum.

Stærstur hluti þeirrar skógræktar sem hér er til umfjöllunar er ekki innan 200 m línu frá Laxá. Svæðið virðist vera að stórum hluta allvel gróið hraun og lynchheiði. Umhverfisstofnun getur ekki mælt með skógrækt í hraunum þar sem þau halda einkennum sínum sem hraun og eru ekki að fullu hulin jarðvegi eða sandorpin eða eins og hér þar sem þau eru hluti af landslagi umhverfis Laxá. Hraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, eins og kemur fram í framlagðri skýrslu, og er það fyrst og fremst vegna sérstöðu þeirra á heimsvísu sem jarðmyndunar og sérstöðu þeirra fyrir íslenskt landslag. Birki er sá náttúrulegi trjágróður sem er mest áberandi í hraunum á Íslandi. Ef vilji er til að auka birki má t.d. koma á beitarfriðun á þeim svæðum sem slíkt er fyrirhugað og á þann hátt endurheimta birki.

Það er hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 að skoða matsskyldar framkvæmdir með tilliti til fjölmargra þátta sem kunna að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun lítur almennt séð til slíkra þátta við umsagnir um matsskyldar framkvæmdir, en verður að byggja ákvarðanir sínar á lögfestum sjónarmiðum sem mörkuð eru í lögum eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að stofnunin var ekki höfð með í ráðum um framangreind áform um skógrækt í landi Jarlsstaða innan 200 m línu frá Laxá.

Niðurstaða:

Á grundvelli markmiða laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og að fyrirhuguð skógrækt er á Ramsarsvæði telur Umhverfisstofnun að skógrækt innan 200 m frá Laxá og einnig skógrækt fast að 200 m línu frá Laxá sé líkleg, til lengri tíma litið, til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif sem felast í breytingum og röskun á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæði því sem skilgreint er í framangreindum lögum.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson



Árni Bragason